

Fimmtudaginn 24. nóvember 1983.

Nr. 28/1983. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Péttri Blöndal Gíslasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða 30. desember 1982, og barst ágrip dómgerða Hæstarétti 11. október 1983. Af hálfu ákærvalds er gerð krafa um staðfestingu héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Í héraðsdóni eru raktir framburðir Bjarna Harðarsonar, Valdimars Óla Þorsteinssonar og Guðgeirs Sigmundssonar fyrir lögreglu um afhendingu Guðgeirs á hassolíu til ákærða. Valdimar Óli kom fyrir dóm og staðfesti, að framburður sinn hjá lögreglu um þetta væri réttur. Guðgeir kom einnig fyrir dóm, og var framburður hans þar í samræmi við framburð hans fyrir lögreglu 8. janúar 1981. Hann gekkst undir sekt með dómssátt 28. september 1981, m. a. fyrir að hafa haft milligöngu um afhendingu á 70 gr. af hassolíu til ákærða. Með hliðsjón af framburðum þessara manna og öðru því, sem fram er komið í máli þessu og rakið er í héraðsdómi, þykir mega staðfesta niðurstöðu hans um sakarmat að því er varðar I. lið ákæru.

Með vísan til héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um sakarmat að því er varðar II. lið ákæru.

Ákærði hlaut sekt fyrir umferðarlagabrot 1974. Árið 1975 var hann dæmdur í 7 mánaða fangelsi skiloðrsbundið fyrir skjalafals, þjófnað og fleira. 1976 hlaut hann 9 mánaða fangelsisdóm fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot. Var þá fyrri fangelsisdómur dæmdur með. Árið 1978 var hann dæmdur í 25 daga varðhald fyrir þjófnað, umferðarlagabrot og fleira og sama ár í 60 daga varðhald sem

hegningarauka fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot. Hinn 19. júlí 1979 gekkst hann undir 640.000 króna sekt fyrir ávana- og fíkniefnabrot. Hinn 4. febrúar 1981 var ákærði dæmdur í 5 mánaða fangelsi fyrir ávana- og fíkniefnabrot. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, og var fangelsisrefsingin staðfest þar, en ákærði dæmdur til að greiða 4.000.00 króna sekt að auki.

Brot ákærða eru réttilega heimfærð til refsíákvæða í héraðsdómi, og ber með vísan til þeirra og með hliðsjón af þeim ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem þar greinir, að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um refsingu ákærða að öðru leyti en því, að sektin afplánist með fangelsi í 30 daga, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Til frádráttar refsivist komi gæsluvarðhaldsvist ákærða í 49 daga.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Pétur Blöndal Gíslason, sæti fangelsi í 4 mánuði, en gæsluvarðhaldsvist hans í 49 daga komi til frádráttar refsivist. Auk þess greiði hann 20.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 30 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eru staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 9. nóvember 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 9. nóvember, var á dómþingi sakadóms í ávana-

og fikniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 992/1982: Ákærvaldið gegn Péttri Blöndal Gíslasyni.

Málið er höfðað með ákæru, dags. 3. september 1981, á hendur Péttri Blöndal Gíslasyni, fæddum 23. september 1958 í Reykjavík, fyrir eftirfarandi meint brot á fikniefnalöggjöfinni:

„I.

Í desember 1979 keypt allt að 140 grömmum af hassolíu af Valdimar Óla Þorsteinssyni fyrir milligöngu Guðgeirs Sigmundssonar og greitt fyrir grammið að jafnaði kr. 30.000. Afhending fór fram á Hverfisgötu 106 A í Reykjavík, heimili Bjarna Harðarsonar, þar sem ákærði og nefndur Bjarni ráku einnig skrifstofu saman. Síðan selt nefndum Bjarna allt að 70 grömmum af efninu, og verður ekki séð með vissu, hvort ákærði hafði af þeirri sölu hagnað eður ei, en nefndur Bjarni seldi síðan öðrum og þá með hagnaði.

II.

Í júlí 1980 keypt í félagi við nefndan Bjarna, Kristján Aðalsteinsson og Runólf Þór Jónsson allt að 3 kg af hassi í Hollandi, og var verð á grammi 4 hollensk gyllini, og flutt efnið ásamt félögnum til Kaupmannahafnar. Ákærði átti þar hlut í sölu á drjúgum hluta efnisins til ótilgreindra aðila, og mun verð á grammi hafa verið að jafnaði 25—30 danskar krónur. Þá ásamt nefndum Bjarna fengið Sören Munk Hansen til að flytja til Íslands 1 kg af efninu, og átti ákærði 650 grömm, en Bjarni 350. Ráðstafað síðan hér heima til félaga síns Bjarna Harðarsonar 250 grömmum, sem síðan voru seld öðrum á kr. 12—14.000 grammið.“

Ofangreind meint brot eru í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fikniefni nr. 65/1974, sbr. nú lög nr. 60/1980, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fikniefna nr. 390/1974, sbr. einnig að nokkru 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hvað varðar verknað í lið I.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á efni, sem hald var lagt á, samkvæmt 5. mgr. 5. gr. fyrrnefndra laga nr. 65/1974 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákæra var birt ákærða 22. febrúar 1982. Málið var þingfest 7. október 1982, og þá var Hilmar Ingimundarson hæstaréttarlögmaður skipaður verjandi ákærða. Verjandi skilaði skriflegri vörn í málinu 25. október 1982 og gerði eftirfarandi dómkröfur: Aðallega: Að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins í málinu og allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóð. Þ. m. t. réttargæslu- og málsvarnarlaun. Til vara: Að

ákærða verði ekki gerð sérstök refsing í málinu. Til þrautavara: Að ákærða verði aðeins dæmdur hegningarauki. Þá gerir verjandi kröfu um réttar-gæslu- og málsvarnarlauð.

Ákærði hefur samkvæmt sakavottorði gengist undir dómssátt 19. júlí 1979 vegna fíkniefnabrots, og ákærði hlaut dóm 4. febrúar 1981 vegna slíks brots, þá 5 mánaða fangelsi. Þessum dómi áfrýjaði ákærði, og var málið dæmt í Hæstarétti 23. mars 1982, og hlaut ákærði þá 5 mánaða fangelsi auk 4.000.00 kr. í sekt.

Aðrar kærur og refsingar ákærða samkvæmt sakavottorði þykja ekki skipta máli hér.

MÁLSATVIK

Ákæruliður I.

„Í desember 1979 keypt allt að 140 grömmum af hassolíu af Valdimar Óla Þorsteinssyni fyrir milligöngu Guðgeirs Sigmundssonar og greitt fyrir grammið að jafnaði kr. 30.000. Afhending fór fram á Hverfisgötu 106 A í Reykjavík, heimili Bjarna Harðarsonar, þar sem ákærði og nefndur Bjarni ráku einnig skrifstofu saman. Síðan selt nefndum Bjarna allt að 70 grömmum af efninu, og verður ekki séð með vissu, hvort ákærði hafði af þeirri sölu hagnað eður ei, en nefndur Bjarni seldi síðan öðrum og þá með hagnaði.“

Bjarni Harðarson bar við lögreglufirheyrslu 16. janúar 1981, að Guðgeir Sigmundsson hafi á því tímabili, er um ræðir í þessum ákærulið, boðið sér umtalsvert magn af hassolíu til kaups. Bjarni kvaðst hafa hafnað boði Guðgeirs, utan að hafa keypt af honum 2 grömm af hassolíunni. Bjarni kvaðst hafa bent Guðgeiri á ákærða í máli þessu sem líklegan kaupanda á hassolíu.

Bjarni kvað þá Guðgeir og ákærða hafa ræðst við á heimili sínu að Hverfisgötu 106 A hér í borg í áður nefnt sinn, er Bjarni keypti 2 grömm af hassolíu af Guðgeiri. Bjarni kvaðst ekki vilja taka fyrir, að afhending hassolíu milli ákærða og Guðgeirs hafi þá átt sér stað.

Við lögreglufirheyrslu 19. janúar 1981 kvað Bjarni hassolíu þá, er hann keypti af ákærða á því tímabili, er hér um ræðir, hafa verið komna frá Guðgeiri Sigmundssyni. Kvaðst Bjarni hafa keypt alls 50 grömm af hassolíu af ákærða á gkr. 30.000 hvert gramm efnis. Bjarni kvaðst hafa selt um 45 grömm af efninu.

Bjarni Harðarson kom fyrir dóm 5. febrúar 1981 og lýsti þar kaupum á 70 grömmum af hassolíu af ákærða. Bjarni kvaðst hafa selt Ingólfi Sigurð af efninu og einnig Engilbert Jensen.

Engilbert Jensen staðfesti fyrir dómi 13. febrúar 1981 hassolíukaup sín á þeim tíma, er um ræðir í þessum ákærulið, af Bjarna Harðarsyni.

Ingólfur Sigurz staðfesti hjá lögreglu 10 febrúar 1981 hassoliukaup af Bjarna Harðarsyni um áramótin 1979—1980.

Valdimar Óli Þorsteinsson bar hjá lögreglu 8. janúar 1981 að hafa selt ákærða 70 grömm af hassolíu um miðjan desembermánuð 1979. Valdimar Óli kvaðst hafa flutt alls 240 grömm af hassolíu með sér hingað til lands í nóvember 1979. Valdimar Óli kvaðst auk ákærða hafa selt Ólafi Braga Bragasyni 160 grömm af hassolíunni. Kvaðst Valdimar Óli hafa komist í samband við ákærða fyrir milligöngu Guðgeirs Sigmundssonar. Valdimar kvað hvert gramm efnis hafa kostað gkr. 35.000. Valdimar Óli kvaðst hafa afhent ákærða allt efnið í eitt skipti á Matstofu Austurbæjar hér í borg.

Við lögregluyfirheyrslu 15. janúar 1981 breytti Valdimar Óli ofangreindum framburði sínum á þann veg, að hann hafi ekki sjálfur afhent ákærða efnið, heldur hafi Guðgeir Sigmundsson afhent efnið fyrir sig og því hafi hann (Valdimar Óli) í fyrstu reynt að halda Guðgeiri utan við málið, þar sem Guðgeir hafi tekið að sér sölu efnisins í greiðaskyni án endurgjalds. Valdimar Óli kvað efnismagn til ákærða hafa verið 70 grömm af hassolíu. Valdimar Óli ber á sama veg og fyrr um fund sinn og ákærða á Matstofu Austurbæjar hér í borg og hafi þar verið samið um einingarverð gkr 35.000, og þá kvaðst Valdimar Óli hafa mótttekið eitthvað af peningum frá ákærða vegna efnis, er Guðgeir Sigmundsson hefði áður afhent ákærða.

Guðgeir Sigmundsson var yfirheyrður hjá lögreglu 8. janúar 1981. Kvað Guðgeir Valdimar Óla Þorsteinsson hafa komið að máli við sig fyrir u. þ. b. einu ári síðan (um áramót 1979—1980) og beðið sig um að selja fyrir sig hassolíu. Kvaðst Guðgeir hafa fallist á erindi Valdimars Óla og sama dag mótttekið tvo poka með hassolíu, annan 140 grömm að þyngd og hinn 200 grömm. Guðgeir kvaðst síðan hafa haft tal af Bjarna Harðarsyni á heimili Bjarna að Hverfisgötu 106 A hér í borg og hafði Guðgeir með sér 140 gramma pokann. Guðgeir kvað Bjarna ekki hafa viljað taka efnið, en ákærði hafi hins vegar óskað eftir að taka að sér efnið og selja það. Guðgeir kvaðst hafa afhent ákærða 10 grömm af efninu. Guðgeir kvaðst hafa komið á fundi milli ákærða og Valdimars Óla á Matstofu Austurbæjar daginn eftir. Kvað Guðgeir svo hafa samist, að hvert gramm hassolíunnar skyldi seljast ákærða á gkr. 30.000. Guðgeir kvaðst skömmu síðar hafa afhent ákærða eftirstöðvar 140 gramma pokans, þ. e. 130 grömm, og hafi afhending farið fram á heimili Bjarna Harðarsonar. Guðgeir kvað ákærða síðar hafa skilað í tvennu lagi gkr. 1.5. milljónum.

Guðgeir Sigmundsson var yfirheyrður hjá lögreglu 15. janúar 1981. Guðgeir kvað Valdimar Óla hafa sagt sér, að í poka þeim, er ákærði fékk, hafi verið 140 grömm af hassolíu. Guðgeir kvaðst ekki hafa vegið pokann, en ákærði hafi síðar sagt efnið hafa vegið 117 grömm. Guðgeir kvaðst í fyrstu hafa talið hassolíu þá, er Valdimar Óli kom með til landsins, hafa

verið alls 340 grömm án þess þó að vita það með vissu, en síðar hafi hann heyrt, að um hafi verið að ræða 240 grömm. Guðgeir kvaðst í fyrstu hafa geymt alla hassolíuna fyrir Valdimar Óla, en síðar hafi hluti hennar verið fluttur í geymslu til Páls Daníelssonar, þó ekki hluti sá, er ákærði átti.

Páll Pálmar Daníelsson bar við lögregluýfirheyrslu 15. janúar 1981 að hafa mótttekið hassolíu frá Guðgeiri Sigmundssyni. Þá kvað Páll sig hafa heyrt Guðgeir Sigmundsson tala um ákærða sem kaupanda hassolíu, en ekki vita um efnismagn, en taldi sig hafa átt von á gkr. 2.2 milljónum frá Guðgeiri vegna hassolíusölu.

Páll kvaðst hafa heyrt, að efnismagn það, er Valdimar Óli flutti með sér til landsins, hafi verið 240 grömm.

Guðmundur Guðbjörnsson var yfirheyrður hjá lögreglu 2. febrúar 1981 og lýsti þá kaupum 3 gramma af hassolíu af ákærða þann 25. desember 1979, og kostaði hvert gramm efnis gkr 50.000 að sögn Guðmundar.

Ákærði var samprófaður með Guðgeiri Sigmundssyni og Valdimar Óla Þorsteinssyni fyrir dómi 11. febrúar 1981. Ákærði var samprófaður með Bjarna Harðarsyni 2. mars 1981.

Ekki náðist samræmi milli framburða ofangreindra aðilja annars vegar og ákærða hins vegar, og hefur ákærði aldrei gengist við háttsemi þeirri, er honum er gefin að sök í þessum ákærulið.

Ákæruliður II.

„Í júlí 1980 keypt í félagi við nefndan Bjarna, Kristján Aðalsteinsson og Runólf Þór Jónsson allt að 3 kg af hassi í Hollandi, og var verð á grammi 4 hollensk gyllini, og flutt efnið ásamt félögunum til Kaupmannahafnar. Ákærði átti þar hlut í sölu á drjúgum hluta efnisins til ótilgreindra aðila, og mun verð á grammi hafa verið að jafnaði 25 — 30 danskar krónur. Þá ásamt nefndum Bjarna fengið Sören Munk Hansen til að flytja til Íslands 1 kg af efninu, og átti ákærði 650 grömm, en Bjarni 350. Ráðstafað síðan hér heima til félaga síns Bjarna Harðarsonar 250 grömmum, sem síðan voru seld öðrum á kr. 12 — 14.000 grammið.“

Hér á eftir verða raktir stuttlega helstu framburðir hinna nafngreindu aðilja varðandi meint ofangreint brot ákærða.

Bjarni Harðarson bar hjá lögreglu 19. janúar 1981 um för sína til Kaupmannahafnar í júlí 1980. Kvað Bjarni sig hafa hitt ákærða í Kaupmannahöfn og þeir síðan haldið saman til Amsterdam, þar sem þeir hafi keypt 1 kíló af hassi á 4 gyllini hverg gramm. Bjarni kvað sinn hlut hafa verið 350 grömm. Bjarni kvað sig og ákærða hafa falið efnið í bílaleigubíl sínum og þannig flutt efnið til Kaupmannahafnar. Bjarni kvað Sören Munk Hansen hafa flutt efnið hingað til lands fyrir sig og ákærða. Bjarni hefur borið, að efnið hafi verið flutt frá Hollandi til Kaupmannahafnar og þar í íbúð,

er Sören Munk Hansen bjó í ásamt ákærða og Kristjáni Aðalsteinssyni. Bjarni lýsti sölu sinni hér á landi á um 200 grömmum af sínum hluta efnisins og um 250 grömmum af efnishluta ákærða.

Kaupendur voru að sögn Bjarna Engilbert Jensen, sem keypti 100 grömm, og Ingólfur Sigurz, sem fékk 300 til 350 grömm.

Bjarni bar síðan hjá lögreglu 19 febrúar s. á. að hafa í fyrri framburðum haldið utan við Hollandsför þá, er hér um ræðir, þeim Kristjáni Aðalsteinsyni og Runólfi Þór Jónssyni.

Við dómsyfirheyrslu 2. mars s. á. lýsti Bjarni enn Hollandsför sinni og ofangreindra þriggja aðilja. Bjarni kvað ákærða hafa keypt 3 kg af hassi í Rotterdam.

Áður, eða í þinghaldi 25. febrúar s. á., hafði Bjarni lýst kaupum Péturs á 3 kg af tvenns konar Tyrkjahassi í Hollandi.

Runólfur Þór Jónsson hefur borið efnislega á sama veg og Bjarni varðandi ofangreinda Hollandsför og kaup ákærða á allt að 2.4 kg af tvenns konar Tyrkjahassi í Rotterdam. Efnið kvað Runólfur hafa verið flutt til Kaupmannhafnar í íbúð Sören Munk Hansen.

Sören Munk Hansen var yfirheyrður hjá lögreglu í Kaupmannahöfn 9. apríl 1981. Kvað hann ákærða hafa búið í íbúð sinni frá því í janúar 1980 og fram til 18. júlí s. á. Sören kvaðst vita til þess, að ákærði hafi um tíma geymt u. þ. b. 3 kíló af hassi í nefndri íbúð. Sören kvað sig hafa flutt hingað til lands 1 kg af hassi hinn 18. júlí 1980 og þegar haldið með efnið heim til Bjarna Harðarsonar ásamt ákærða.

Ingólfur Sigurz bar fyrir dómi 17. febrúar 1981 um kaup á 350 grömmum af hassi af Bjarna Harðarsyni um mánaðamótin júlí — ágúst 1980 og fram í desember s. á.

Engilbert Jensen kom fyrir dóm 20. febrúar 1981 og kvaðst þá alls hafa keypt af Bjarna Harðarsyni um 100 grömm af hassi í ágúst 1980.

Ákærði og Kristján Aðalsteinsson hafa báðir hjá lögreglu og fyrir dómi þráfaldlega neitað að hafa tekið þátt í Hollandsför þeirri, er hér um ræðir. Hafa ákærði og Kristján m. a. verið samprófaðir við Bjarna Harðarson og Runólf Þór Jónsson, en samræmi í framburðum þessara aðilja ekki náðst.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákæruliður I.

Dómurinn telur sannað með framburðum Valdimars Óla Þorsteinssonar og Bjarna Harðarsonar, sem studdir eru af öðrum gögnum málsins, en gegn neitun ákærða, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir, þó þannig, að ekki er sannað, að ákærði hafi keypt meira

en 70 grömm af hassolíu af Valdimar Óla fyrir milligöngu Guðgeirs Sigmundssonar.

Með ofanritað í huga er sannað, að ákærði hafi í desember 1979 keypt 70 grömm af hassolíu af Valdimar Óla Þorsteinssyni fyrir milligöngu Guðgeirs Sigmundssonar og greitt að jafnaði gkr. 30.000 fyrir hvert gramm. Afhending efnisins fór fram að Hverfisgötu 106 A í Reykjavík á heimili Bjarna Harðarsonar.

Ákærði seldi Bjarna Harðarsyni allt að 70 grömmum af efninu. Ekki er sannaður hagaður af sölu ákærða.

Ákæruliður II.

Verjandi hefur í skriflegri vörn mótmælt sem rangri og óstaðfestri danskri lögregluskýrslu frá 9. apríl 1981, þar sem Sören Munk Hansen var yfirheyrður. Verjandi telur ekki unnt að leggja greinda skýrslu til grundvallar í refsímáli hér á landi.

Í 110. gr. laga 74/1974 segir, að dómari skuli meta öll atriði varðandi sönnunargildi vitnisburðar, matsgerðar, skoðunar og skjala, m. a. með hliðsjón af ákvæðum 153. gr. laga 85/1936. Í 153. gr. laga 85/1936, 3. mgr., er kveðið á um gildi erlendra opinberra skjala.

Með vísan til þess ákvæðis svo og þess, að umrædd lögregluskýrsla er undirrituð af Sören Munk Hansen, og skýrslunnar var aflað fyrir milligöngu dómsmálaráðuneytis, þykir nægilega sannað, að umrædd skýrsla sé rétt og sé því til þess fallin að vera grundvöllur refsímáls hér á landi ásamt öðrum gögnum máls þessa.

Með vísan til ofanritaðs svo og með vísan til framburða Bjarna Harðarsonar, Runólfs Þórs Jónssonar og Sören Munk Hansen og annarra gagna málsins þykir dómnum sannað þrátt fyrir neitun ákærða og Kristjáns Aðalsteinssonar, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, er í þessum ákærulið greinir. Þó er ekki sönnuð sala ákærða á drjúgum hluta efnisins í Kaupmannahöfn til ótilgreindra aðilja.

Ákærði keypti því í júlí 1980 í félagi við Bjarna Harðarson, Kristján Aðalsteinsson og Runólf Þór Jónsson allt að 3 kg af hassi í Hollandi, og var verð á grammi 4 hollensk gyllini. Ofangreindir aðiljar fluttu efnið ásamt ákærða til Kaupmannahafnar. Ákærði fékk ásamt Bjarna Harðarsyni Sören Munk Hansen til að flytja hingað til lands 1 kg af efninu, og átti ákærði 650 grömm, en Bjarni 350 grömm. Ákærði ráðstafaði síðan hér á landi allt að 250 grömmum af efninu til Bjarna, sem síðan seldi efnið á að jafnaði 12.000 — 14.000 gkr. hvert gramm.

Ákærði hefur samkvæmt ofanrituðu unnið til refsingar.

Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. nú 9. gr. laga nr. 75/1982,

og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974. Þá varðar brot ákærða í II. lið ákæru einnig að hluta við 2. tl. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot ákærða í I. lið ákæru varðar ekki við greint hegningarlagaákvæði, svo sem virðist hafa misritast í ákæruskjali.

Ekki verður beitt þyngri viðurlögum hér en heimil voru fyrir gildistöku laga nr. 75/1982, sbr. meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hins vegar er brot ákærða í II. lið ákæru framið eftir gildistöku laga nr. 60/1980.

Ákærði hefur áður gerst brotlegur við fíkniefnalöggjöfina, og verður það virt honum til þyngingar við ákvörðun refsingar, sbr. 5. tl. 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði sammæltist við nokkra menn um framningu brota í ákærulið II, og verður það einnig virt ákærða til refsibýngingar, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en þáttur ákærða var stór í því broti, þar eð hann keypti efnið.

Refsing ákærða verður ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til alls ofanritaðs svo og að gögnum málsins virtum þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sem fangelsi í 4 mánuði.

Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skulu 50 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðahaldi, koma til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Með vísan til 49. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976 og með vísan til 50. gr. almennra hegningarlaga, sbr. nú 1. gr. laga nr. 75/1982, er ákærða gert að greiða kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi fangelsi í 55 daga í hennar stað.

Fallist er á kröfu ákæruvaldsins um upptöku á efni, er lagt var hald á undir rannsókn málsins, og vísast til heimildar 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 varðandi upptöku.

Því skulu upptæk til eyðingar eftirfarandi:

16 grömm af hassolíu, veginni í umbúðum, merkt efnaskrá nr. 573. Hassmoli óveginn, 1.3 gr. af amfetamíni og 0.4 gr. af sama efni, merkt efnaskrá nr. 578.

Ákærða er gert með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 að greiða allan kostnað sakarinnar þar af kr. 3.000.00 til skipaðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, og kr. 2.500.00 í réttargæslubóknun til sama lögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, skal sæta fangelsi í 4 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu komi 50 dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi vegna máls þessa.

Ákærði greiði kr. 20.000.00 í sekt til ríkissjóðs. Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá britingu dóms þessa, komi fangelsi í 55 daga í sektar stað.

Upptæk til eyðingar skulu 16 grömm af hassolíu, veginni með um-búðum, merkt efnaskrá nr. 573. Þá skal og upptækur til eyðingar ó-vegin hassmoli, 1.3 grömm af amfetamíni og 0.4 grömm af amfeta-míni, allt merkt efnaskrá nr. 578.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar af kr. 3.000.00 til skip-aðs verjanda, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, og kr. 2.500.00 vegna réttargæslu sama lögmans.

Þriðjudaginn 29. nóvember 1983.

Nr. 48/1983. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Eggert Bjarna Arnórssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a almennra hegningarlaga. Eignarupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. febrúar 1983. Er málinu áfrýjað að ósk ákærða, en af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað refsingu til þyngingar. Ágrip máls barst Hæstarétti 11. október 1983.